



## Bættur námsárangur á Austurlandi

### 9. bekkur LOGOS – Skimun í lestri

30. ágúst – 20. september 2018

Ágætu foreldrar/forráðamenn!

Áfram höldum við með verkefnið okkar Bættur námsárangur á Austurlandi<sup>1</sup>. Nú er komið að skimun fyrir lestrarerfiðleikum.

Skimun eftir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 9. bekk verður lögð fyrir í skólunum í september. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimanirnar fyrir.

Í **lestri** verður skimað með ákveðnum hlutum prófins Logos<sup>2</sup> fyrir nemendur.

Athugaður verður:

**Leshraði - lestrarnákvæmni**

**Lesskilningur**

**Stafsetning**

***Lestur með hljóðaðferð og lestur út frá rithætti er aðeins prófað hjá þeim nemendum sem eru undir 30. hundraðsröð í leshraða.***

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun um verkefnið inn á skolaust.is.

<sup>2</sup> Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendur til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendur sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

Niðurstöður skimunar **sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra** í þeim þáttum sem prófaðir eru.

Snúa



Niðurstöður skimunar verða sendar foreldrum. Sýni nemandi slakan árangur eða undir 30. hundraðsröð í leshraða eða lesskilningi er mælt með fyrirlögn alls Logosprófsins.

Með bestu kveðju  
Jarprúður Ólafsdóttir  
Björg Þorvaldsdóttir  
Kennsluráðgjafar  
Skólaskrifstofa Austurlands  
Búðareyri 4 - 740 Reyðarfirði  
Sími: 4705050  
[jarth@skolaust.is](mailto:jarth@skolaust.is)  
[bjorg@skolaust.is](mailto:bjorg@skolaust.is)